



1. Álagning gjalda 2016.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að eftirfarandi forsendur verði lagðar til grundvallar álagningu útsvars, fasteignagjalda og lóðaleigu á árinu 2015.

- a. Álagt útsvar verði 14,48% vegna launa ársins 2016, með fyrirvara um að heimild til hækkunar útsvarsins um 0,04% (14,52 %) falli brott.
- b. Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verði óbreyttar og því eftirfarandi á árinu 2016.
 - i. 0,3611% af álagningastofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - ii. 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
 - iii. 1,65% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- c. Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum standi óbreytt og verði áfram 1,598% af fasteignamatsverði atvinnulóða og 1,055% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- d. Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- e. Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2016 verði 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september og 15. október en eindagi gjaldanna verði 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 15.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2016.

- f. Veitt verði ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2016, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

2. Þjónustugjaldskrár.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að almennar þjónustugjaldskrár hækki samkvæmt áætlaðri vísitöluhækkun neysluverðs, um 4% þann 1. janúar 2016.

Bæjarráð samþykkir að þjónustugjaldskrár Akraneskaupstaðar hækki 1. janúar ár hvert í samræmi við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs. Bæjarráði er heimilt að víkja frá hinni almennu reglu með sérstakri ákvörðun hverju sinni um tiltekna eða tilteknar gjaldskrár.

3. Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2016.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 387.700.000 vegna ýmissa fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2016. Um er að ræða eftirtalda liði sbr. fylgiskjal 1:

- 3.1. Fjárfestingar og framkvæmdir á sementsreitnum að fjárhæð kr. 100.000.000.
- 3.2. Fjárfestingar og framkvæmdir á sundlaugarsvæðinu Jaðarsbökkum að fjárhæð kr. 80.000.000
- 3.3. Fjárfestingar og framkvæmdir vegna opinna svæða, að fjárhæð kr. 70.000.000, m.a. vegna Guðlaugar á Langasandi að fjárhæð kr. 30.000.000 og á Breið að fjárhæð kr. 15.000.000.
- 3.4. Fjárfestingar og framkvæmdir vegna gatna og gangstétta að fjárhæð kr. 63.500.000
- 3.5. Fjárfesting vegna nýrrar kennslustofu við Grundaskóla að fjárhæð kr. 25.000.000.
- 3.6. Fjárfesting vegna FEBAN húsnæðisins Dalbraut 6 að fjárhæð kr. 10.000.000.
- 3.7. Fjárfestingar og framkvæmdir vegna bátahúss við Byggðasafnið í Görðum að fjárhæð kr. 5.000.000.
- 3.8. Ýmsar aðrar fjárfestingar og framkvæmdir að fjárhæð kr. 34.200.000.

4. Viðhald fasteigna og lóða.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa fjárhæð kr. 66.755.000 til almenns viðhalds og húsumsjónar í Eignasjóði og Fasteignafélagi Akraneskaupstaðar slf. á árinu 2016.

5. Langtímaveikindi starfsmanna 2016 – ráðstöfun fjármuna.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að gera ráð fyrir kr. 30.000.000 í fjárhagsáætlun vegna langtímaveikinda starfsmanna. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess sviðs sem stofnunin heyrir undir. Bæjarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun fjármuna.

6. Búnaðar- og áhaldakaup 2016.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að gera ráð fyrir kr. 9.932.000 vegna endurnýjunar tækja og áhalda og húsbúnaðar hjá stofnunum bæjarins. Stofnanir kaupstaðarins geta sótt um fjárveitingu til þess sviðs sem stofnunin heyrir undir. Bæjarráð tekur endanlega ákvörðun um úthlutun fjármuna.

7. Niðurgreiðsla til dagforeldra.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.500.000 vegna aukningar í niðurgreiðslu til dagforeldra. Heimilaðar verða greiðslur til foreldra vegna barna sem náð hafa tveggja ára aldri þar til leikskólapláss hefur verið tryggt samkvæmt nánari útfærslu skóla- og frístundasviðs.

8. Stöðugildi í Grundaskóla.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir viðbótar 20% stöðugildi fagaðila í stoðþjónustu Grundaskóla vegna fjölgunar fatlaðra nemenda.

9. Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.500.000 vegna aukinna útgjalda vegna ræstinga í leikskólum og bókasafni.

10. Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir að ráðstafa kr. 2.500.000 vegna nauðsynlegs viðhalds á fasteignum á sementsreit.

11. Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir aukningu í búsetuþjónustu fatlaðra að fjárhæð kr. 12.000.000 vegna sérstaks úrræðis.

12. Stjórnmalasamtök á Akranesi.

Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir með vísan til 5. gr. laga nr. 162/2006, að gera ráð fyrir framlagi í fjárhagsáætlun ársins 2016 til starfsemi stjórnmalaflokka á Akranesi að fjárhæð kr. 1.000.000 á árinu 2016.

Akranesi 6. nóvember 2015


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri